Kópavogsbær

Velferðar- og mannréttindaráð Kópavogsbæjar
Bt. Björg Baldursdóttir, formaður

8. september 2026

Efni: Tillögur og kostnaðarmat á fjölda ferða og gjaldskrá fyrir akstursþjónustu eldra fólks

Á fundi Velferðar- og mannréttindaráðs 24. ágúst sl. komu starfsmenn velferðarsviðs með tvær sviðsmyndir að tillögum til breytinga á gjaldtöku fyrir akstursþjónustu eldra fólks. Ráðið óskaði í kjölfarið eftir útreikningum á annarri sviðsmyndinni sem lögð var fram sem hljóðaði á þann veg að fjöldi hámarksferða verði óbreytt 16 ferðir í mánuði og að gjald fyrir hverja ferð miðist við tekjuviðmið. Rætt var um að hafa gjaldið tengt við strætógjald en sökum þess að gjaldskrá strætó er á höndum annarra aðila telur sérfræðingur á skrifstofu áhættu og fjárstýringar skynsamara að hafa gjaldið hlutfall af raunkostnaði ferðar skv. samningi við akstursaðila. Mælt er með að hægt sé í rökstuddum tilvikum að fá ferðir upp í allt að 32 í mánuði en að ferðir umfram 16 reiknist á hærra gjaldi.

Tillaga starfsmanna er að hafa gjaldflokkana tvo og sömu tekjuviðmið og eru í stuðningsþjónustunni. Skv. upplýsingum frá forstöðumanni Miðjunnar eru fáir sem raðast í lægri gjaldflokkinn eða um 7% notenda. Gjaldskrá yrði uppfærð á 3ja mánaða fresti eins og gjaldskrá fyrir heimsendan mat þar sem raungjald ferða er vísitölutengt.

Gjaldflokkur 1 – 787 kr. ferðin fyrstu 16 ferðirnar (20% hlutfall) – 1.772 kr. umfram 16 ferðir (45% hlutfall).
Gjaldflokkur 2 – 1.772 kr. ferðin fyrstu 16 ferðirnar (45% hlutfall) – 2.362 kr. umfram 16 ferðir (60% hlutfall).

Útreikningur vegna breytinga á reglum um ferðaþjónustu aldraða					
Áhrif breytinga á tekjur af ferðaþjónustu					
Notum magntölur frá ágúst 2026					
Núverandi tekjur:	**fj. Farþ.**	**Fj. Ferða**	**Einingav.**	**Tekjur af <16 ferðum**	**Tekjur af > 16 ferðum**
ágú.26	116	849	673	571.377	
		177	1.346		238.242
		1.026		571.377	238.242
Fylgdarmenn	7	23	1.346	30.958	
Samdægurskjald	48	147	1.000	147.000	
Samtals tekjur pr. Mán. - eldri reglur :				**809.619**	
Tillaga um breytingu :					
Gjaldflokkur 1 <16 f.	8	59	787	46.771	
Gjaldflokkur 1 >16 f.		12	1.772		21.955
Hlutfall farþ.	**7%**				
Gjaldflokkur 2 <16 f.	108	790	1.772	1.399.118	
Gjaldflokkur 2 >16 f.		165	2.362		388.809
Hlutfall farþega	93%				
				1.445.889	410.764
Fylgdarmenn 1		2	1.772	2.853	
Fylgdarmenn 2		21	2.362	50.523	
Samdægursgjald		147	1.000	147.000	
Samtals tekjur pr.mán. með m.v. nýjar reglur:				**2.057.029**	
Tekjuhækkun á mánuði m.v. Ofangreindar magntölur og verð				**1.247.410**	
Tekjuhækkun á ársgrundvelli				**14.968.925**	

Samkvæmt útreikningum sérfræðings þá er tekjuauki á ársgrundvelli allt að 15 milljónir út frá gefnum forsendum. Ef miðað er við ágústmánuð þá voru tekjur 809.619 kr. sem yrði 2.057.029 kr., aukning um 1.247.410 kr. á mánuði. Það er ekki ólíklegt að ef að gjaldhækkun verður þá gæti ferðum fækkað. Fjárheimild ársins 2026 er 50 milljónir, kostnaðurinn fyrstu 7 mánuði er 38 milljónir og stefnir þ.a.l. í 65 milljónir. Með breyttri gjaldskrá yrði tekjuauki allt að 15 milljónir á ári.

Til upprifjunar þá voru eftirtaldar ákvarðanir teknar á síðasta fundi Velferðar- og mannréttindaráðs.

Ákvæði um tímabundna hreyfihömlun verður fjarlægt úr reglunum.
Ákvæði um undanþágu fyrir fólk sem býr á stofnun eins og hjúkrunarheimili til að fá akstursþjónustu til að sinna einkaerindum verður fjarlægt úr reglunum.
Á atvikaskráningu eftir ábendingu frá ráðsmanni.

Með kveðju,
Anna Guðrún Halldórsdóttir
Teymisstjóri ráðgjafarteymis fullorðinna

Rafræn skilríki

Undirritað af: Anna Guðrún Halldórsdóttir

Tími: 10.09.2026 14:36
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign